

Alþingi  
Erindi nr. Þ 136/1047  
komudagur 5.3.2009

**Tillögur að breytingum  
á frumvarpi til laga um afnám laga nr. 141/2003, um eftirlaun forseta  
Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, með síðari  
breytingum, og breyting á lögum nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð  
starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum, sbr. þingskjal 543 – 313.  
mál.**

---

1. brtt.

Við 3. gr. frumvarpsins bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þingfararkaup og biðlaunagreiðslur alþingismanna sem ljúka þingsetu og ráðherra sem láta af störfum í kjölfar kjördags 25. apríl 2009 mynda eftirlaunaréttindi samkvæmt lögum nr. 141/2003.

2. brtt.

Í stað dagsetningarinnar “1. apríl 2009” kemur: 25. apríl 2009.

*Athugasemdir við breytingartillöguna*

Með breytingartillögunni er lagt til að gildistaka laganna miðist við komandi kjördag til Alþingis, þann 25. apríl 2009. Með því er komið í veg fyrir að þingmenn sem ljúka þingsetu og ráðherar sem láta af störfum í kjölfar þingkosninganna í vor myndi ekki á tímabilinu 1. apríl til 25. apríl 2009 lífeyrisréttindi hjá A-deild LSR. Eðlilegar þykir að viðkomandi aðilar búi við eftirlaunakerfið, sbr. lög nr. 141/2003, þar til kjörtímabili þeirra lýkur þann 25. apríl nk. Verður á þann hátt ekki skörun á milli lífeyriskerfa. Að sama skapi er með 1. gr. brtt. lagt til að biðlaun viðkomandi aðila myndi réttindi samkvæmt lögum nr. 141/2003 í stað þess að þau myndi lífeyrisréttindi hjá A-deild LSR þann tíma sem biðlaun eru greidd.